


JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 80

Nóvember 2000

Fréttabréf



AFMÆLISHÁTÍÐARFUNDUR

verður haldinn í tilefni af hálftrar aldar afmæli félagsins
í Norræna húsinu
þann 18. nóvember árið 2000 kl. 13:00-15:30

AFMÆLISHÁTÍÐARFUNDUR

Jöklarannsóknafélag Íslands 50 ára

Fundarstjóri Sveinbjörn Björnsson

Dagskrá fundarins:

- Jöklarannsóknir fyrr og nú - ferðatækni og framfarir frá Sænsk-íslenska leiðangrinum fram á jeppaöld
Magnús Tumi Guðmundsson
- Jöklabreytingar og veðurfar. Sporðamælingar Jöklarannsóknafélagsins og samband veðurfars og afkomu jökla
Tómas Jóhannesson og Oddur Sigurðsson
- Svipmyndir úr starfi Jöklarannsóknafélagsins í 50 ár
Magnús Hallgrímsson

HÁTÍÐARKAFFI

VEGGSPJÖLD OG MYNDIR

AFMÆLISFUNDUR UM ÍSSJÁRMÆLINGAR

Norræna húsinu 17. janúar 2001 kl. 20

Ísland undir jökli - íssjármælingar í aldarfjórðung

Helgi Björnsson

NÝ FORSÍÐA FRÉTTABRÉFS

Í tilefni þess að Jökklarannsóknafélag Íslands hefur starfað í hálfu öld var ákveðið að breyta útliti fréttabréfsins nokkuð. Það hefur verið með svipuðu sniði frá því að það kom fyrst út 1984. Ástæður fyrir breytingunum eru ekki óánægja enda hefur útgáfa fréttabréfsins verið bærilega farsæl. Engu að síður getur verið vel til fundið að breyta jafnvel því sem vel hefur reynst því að bág er að staðna.

Þegar hugmyndin kom upp fyrir rúmu ári að breyta fréttabréfinu þótti ráðlegt að leita til þess manns sem lengst hefur miðlað okkur af list sinni og alltaf reynst vel. Svo var einnig í þetta sinn og léði Gunnar Hjaltason okkur mynd af Grímsvatnaskálum sem verða að teljast helgasta musteri jökklarannsóknafélagsmanna. Annar slíkur staður finnst ekki á jarðríki, um það er engum blöðum að fletta. Gunnars Hjaltasonar minnumst við með þökk og virðingu.

Oddur Sigurðsson

HÁLFRAR ALDAR AFMÆLISÁRSHÁTÍÐ JÖRFÍ

Afmælisárshátíð Jökclarannsóknafélags Íslands verður haldin þann 18. nóvember 2000.

- Hátíðin hefst með fordrykk hjá ÁTVR á Stuðlahálsi 2 kl. 18:00
 - Rútuferð þaðan að hótél Sögu kl. 19:30
 - Borðhald hefst kl. 20:00
 - Veislustjóri Magnús Hallgrímsson.
 - Heimafengin skemmtiatriði.
 - Miðar verða seldir á 4.800 kr. hjá Ástvaldi Guðmundssyni á Rakarastofunni Dalbraut 1 og hjá Bryndísi Brandsdóttur og Finni Pálssyni í Haga, Hofsvallagötu 53
- Nefndin
-